


✉ Re: FS: óskað eftir umsögn

Búið til	18.5.2020 17:11:14
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	18.5.2020 17:11:13
Tilheyrir	 202005-0003 - Umsókn frá Landsnet um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár. Um er að ræða Hólasandslínu 3

Efni

Re: FS: óskað eftir umsögn

Upplýsingar

Sent	18.5.2020 17:11:13	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	hildurhafberg@ust.is

Innihald

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun og meðfylgjandi gögn, dags. 4. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Landsnets um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár vegna Hólasandslínu 3.

Þverun Laxár í Laxárdal byggir á því sem áður hefur komið fram í mati á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 og álitni Skipulagsstofnunar um matið. Í álitni Skipulagsstofnunar er farið yfir þá náttúrufarsþætti sem verða fyrir mestum áhrifum þ.e. fuglalíf og landslag. Ein helsta mótvægisáðgerðin er að engar framkvæmdir verða innan verndarsvæðisins en línan mun liggja þvert yfir það. Í álitni Skipulagsstofnunar kemur einnig fram að þau leyfi sem verða veitt þurfi að innihalda kröfu um vöktun varðandi áflug fugla á leiðara og að taka þurfi ákvarðanir um mótvægisáðgerðir, svo sem að auka sýnileika leiðara, í samvinnu við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun. Sjá jafnframt kafla 4 í fylgiskjali Landsnet frá 02.03.2020 um framkvæmdir við Hólasandslínu 3 í Laxárdal og þar undir töflu 8 þar sem er að finna lista yfir mótvægisáðgerðir, vöktun o.s.frv.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að Umhverfisstofnun gefi út leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins svo framarlega sem þær mótvægisáðgerðir, eftirlit, vöktun og samráð við fagaðila sem Landsnet boðar um framkvæmdina, sbr. framangreint, verði hluti af leyfi Umhverfisstofnunar og þ.a.l. einnig hluti af framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



Frá: Hildur Hafbergsdóttir <hildurhafberg@ust.is>
Sent: mánudagur, 4. maí 2020 13:20
Til: Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>
Efni: óskað eftir umsögn

Sæll

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá Landsnet um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár. Um er að ræða Hólasandslínu 3.

Þar sem þvera á verndarsvæði Mývatns og Laxár í Laxárdal er aðalvalkostur sá að haga línulögn yfir dalbotninn með þeim hætti að möstrin liggi sem fjarst honum, og þar með sjálfu verndarsvæðinu, og línuslóðir fari ekki þar um. Verndarsvæðið er um 480 m breitt þar sem fyrirhugað er að leiðarar loftlínunnar þveri það og því vel hægt að þvera allt verndarsvæðið í einu hafi og þannig koma í veg fyrir beint jarðrask innan verndarsvæðisins. Lagt er til um 1 km langt haf á milli mastranna, staðsett uppi í hlíðum Laxárdals, fjarri verndarsvæðinu. Því eru einu breytingar á verndarsvæðinu loftlína sem mun liggja þvert yfir svæðið.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsóknina. Umsagnarinnar er óskað á grundvelli 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012. Nánari gögn vegna málsins er að finna í viðhengi.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en **18. maí 2020**.

Bestu kveðjur, Best regards

Hildur Hafbergsdóttir
Sérfræðingur, Advisor
Svið Friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image002.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)

image001.png (3 KB)

